



Skagafjörður



**Kaupfélag
Skagfirðinga**

Úthlutun úr Samfélagssjóði Kaupfélags Skagfirðinga

Á árinu 2021 samþykkti stjórn Kaupfélags Skagfirðinga að veita 200 milljónum króna til samfélagsverkefna í Skagafirði í samstarfi við sveitarfélagið Skagafjörð. Í kjölfarið var skipuð verkefnisstjórn sem hefur umsjón með sjóðnum. Markmið sjóðsins er að styðja við verkefni sem til þess eru fallin að fegra umhverfið, gera ásýnd samfélagsins meira aðlaðandi og auka lífsgæði íbúa. Þá er einnig litið til verkefna sem aukið gætu samkeppnishæfni héraðsins, m.t.t. sívaxandi straums ferðamanna, sem og byggt betur undir rekstrargrundvöll ýmissa þjónustuveitenda í héraðinu.

Verkefnisstjórn valdi sér þrjú kjörorð til að vinna eftir sem hún taldi að féllu vel að markmiðum sjóðsins, en þessi kjörorð eru

Gleði – Öryggi – Fegrun

Sjóðsstjórnin fjallar um og velur verkefni.

Í fyrstu úthlutun sjóðsins voru 64 milljónum úthlutað til ýmissa verkefna en að þessu sinni nemur úthlutunin 84 milljónum króna.

Nánar má lesa um verkefnin á vef sveitarfélagsins,
KS og í Feyki og Sjónhorninu.

Þau verkefni sem hljóta styrk úr Samfélagssjóði
Kaupfélags Skagfirðinga að þessu sinni eru eftirfarandi:





1. Rennibrautir við Sundlaug Sauðárkróks

Sundlaugar landsins eru eitt mesta aðdráttarafl íbúa og ferðamanna. Sundlaugarnar í Skagafirði eru einstakar hver á sinn hátt. Markvisst hefur verið unnið að því að betrubæta þær og nú er komið að uppsetningu rennibrauta við sundlaugina á Sauðárkróki. Í júní s.l. voru opnaðar nýjar baðlaugar við sundlaugina og strax í kjölfarið jókst aðsókn að lauginni til mikilla muna. Gera má ráð fyrir að aukningin verði enn meiri þegar rennibrautin verður komin upp.

Hér að neðan má samanburð júlí og ágúst í ár við sömu mánuði síðasta árs:

Sauðárkrúkur	Júlí		ath! opnaði 4. júlí	Ágúst		Þrottar lokadur frá 18.08. - 03.09. Nýja kandi lokad 18.08. - 24.08.
	2024	2025		2024	2025	
Börn-greitt	349	574	64,5%	215	323	50,2%
Börn-meðar	163	179	9,8%	51	86	68,6%
Börn-veggi en 6 ára	305	1.022	235,1%	216	689	219,0%
Börn-þjónustukort	492	1.666	238,6%	487	1.098	125,5%
Orkuskipti borgara-greitt	280	207	-26,1%	123	124	0,8%
Orkuskipti borgara-þjónustukort	665	856	28,4%	641	699	9,0%
Fullorðnir-greitt	749	1.514	102,1%	538	1.061	97,2%
Fullorðnir-meðar	1.562	2.336	49,6%	1.393	1.610	15,6%
	4.565	8.352	83,0%	3.664	5.690	55,3%



2. Lóð og leiktæki við leik- og grunnskóla á Hofsósi og í Varmahlíð

Í síðustu úthlutun lagði sjóðurinn til 10 milljónir króna til endurgerðar leikskólalóðar á Hólum. Endurgerðin miðaðist við að lóðin og leiktækin kæmu til móts við öll börn, fötluð sem ófötluð. Sú framkvæmd heppnaðist einkar vel. Með þessari úthlutun er miðað að því sama, að lóðir og leiktæki mæti þörfum allra barna, óháð getu vegna fötlunar. Mikilvægt er að ásynd lóðanna sé aðlaðandi og notagildi hennar sé mikið fyrir öll börn.



3. Lagfæringar á íþróttavelli í Varmahlíð

Möguleiki á íþróttaiðkun í nærumhverfinu er mikilvægur fyrir hvert samfélag. Á undangengnum árum hefur verið unnið að því að gera svæðið í Reykjarhólsskógi enn vænna fyrir útivist og íþróttaiðkun, m.a. með uppsetningu ærslabelgs og aðstöðuhúsi við tjaldstæðið. Íþróttavöllurinn er staðsettur á þessu svæði og er mikið nýttur af íbúum, m.a. skólabörnum. Verkefnið er unnið í samstarfi við íþróttafélagið Smára.



4. Frisbígolfvöllur í Varmahlíð

Frisbígolfvöllir sjást orðið mjög víða í tengslum við íþrótt- og útivistarsvæði landsins. Allir geta spilað frisbígolf. Frisbígolf er kjörið til samveru barna og fullorðinna í leik og útiveru. Auðvelt er að koma slíkri aðstöðu upp og viðhald og umsjón er lítil. Íbúasamtök Varmahlíðarhverfisins munu velja staði fyrir körfur frisbígolfsins og sjá um uppsetningu vallarins.



5. Battavellir í

Fljótum og á Steinsstöðum

Vinsældir svokallaðra battavalla, sem eru litlir fótboltavellir, hafa aukist gríðarlega undanfarin ár. Vellir þessir eru komnir víða um land og eru yfirleitt staðsettir við skóla, en einnig má sjá þá við tjaldsvæði og önnur

opin svæði þar sem börn eru. Battavellir eru gríðarlega vel nýttir, bjóða upp á mikla samveru barna og eru því vel til þess fallnir að valdefla og örva þau til aukinnar útiveru og heilbrigðra samskipta á jafnréttisgrundvelli.



6. Nýr golfskáli við golfvöllinn á Sauðárkróki

Á undanförunum árum hefur verið gríðarlegur vöxtur í golfiðkun landsmanna svo eftir er tekið. Golfvöllurinn á Sauðárkróki er eini golfvöllurinn í Skagafirði, 9 holu völlur staðsettur á Hlíðarenda á Nöfum. Golfklúbburinn hefur lagt gríðarlega áherslu á barna – og unglingastarf og stendur fyrir námskeiðum fyrir þau allt sumarið. Þeim börnum og ungmennum sem stunda golfíþróttina hefur enda farið ört fjölgandi og met þátttaka varð á liðnu sumri. Líkt og með sundlaugarnar er vitað að ferðafólk ferðast gjarnan á milli staða til að spila golf. Golfklúbburinn á Nöfum hefur sannarlega ekki farið varhluta af þessari auknu golfferðamennsku.

Hér að neðan má sjá þá aukningu sem hefur orðið á milli áranna 2024 og 2025:

	Það sem af er ári 2025	Allt árið 2024
Bókaðir / spilaðir hringir	12.154	7.789
Þarf af utan klúbbsins (gestir)	5.670	4.390

Ath! Í þessum tölum eru ekki hringir sem spilaðir eru í keppnum en keppt er á velliðum þrisvar í viku í u.þ.b. 12 vikur á sumri hverju.



Skagfirðingar hafa borið gæfu til – með sameiginlegu átaki sveitarfélagsins, fyrirtækja og áhugamanna – að byggja upp glæsilegt svæði fyrir boltaíþróttir, frjálsar íþróttir, hestaíþróttir, sundiðkun og skíðaiðkun. Með þeirri viðbót sem glæsileg golfaðstaða er, með möguleikum til félagsstarfs, veitingastarfsemi, aðstöðu fyrir námskeið o.þ.h., má segja að sveitarfélagið hafi upp á að bjóða framúrskarandi aðstöðu sem veitir íbúum og gestkomandi, gleði, skapar öryggi fyrir börn og ungmenni og fegrar umhverfið.

7. Styrkur til sveitarfélagsins að upphæð 2 milljónir króna vegna hugmyndasamkeppni um uppbyggingu í gamla bænum á Sauðárkróki.

Verkefnisstjórn er sammála um að gamli bæjarhlutinn á Sauðárkróki má muna fífil sinn fegurri og hefur vilja til að örva framtak og fegrun á svæðinu, ásamt því að hvetja til aukinnar starfsemi og búsetu. Verkefnisstjórnin hefur sértstaklega beint sjónum að svæðinu norðan Aðalgötu 16. Áhugi er á að kalla fagaðila til samstarfs um að greina möguleika til uppbyggingar og fegrunar svæðisins. Hugmyndin er að láta gera þrívíddarteikningu sem sýnir möguleika á uppbyggingu. Í slíkri teikningu væru hugmyndir um íbúabyggð, verslanir, gisti- og veitingaþjónustu og fleira sem telja má mikilvægt fyrir nútímasamfélag. Teikning þessi yrði notuð til kynningar fyrir fjárfesta og aðra þá aðila sem áhuga hefðu.

